

Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn

Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórnar: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Blaðmenn: Agnes Bragadóttir, Atli Magnússon, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (Íþróttir), Sigurjón Valdimarsson, Skafti Jónsson. Utliststeiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Agústsson, Elin Ellertsdóttir. Myndsafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarir: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir. Ritstjórn, skrifstofa og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 7.00, en 9.00 um helgar. Askritfargjald á mánuði: kr. 110.00. — Prentun: Bláðaprent hf.

Mesta ógnunin er fátækt, óréttlæti og alræðisvald

■ Málefni El Salvador voru til umræðu á Alþingi s.l. fimmtudag vegna þingsályktunartillögu þingmanna Alþýðuflokksins. Það er ekki að ástæðulausu að hörmungum íbúa þessa fátæka lands sé gaumur gefinn þar sem borgarastyrjöld geisar og allar líkur benda til að kynt sé undir ófriðarbálið af erlendum aðilum. Þeir sem verst verða úti eru örsnauður almúginn sem þarfnast alls annars en grimmdaræðisins sem hann er beittur.

Í skýrslu sinni um utanríkismál, sem nú liggur fyrir Alþingi, vikur Ólafur Jóhannesson að El Salvador:

Í skýrslu minni á s.l. ári vék ég nokkuð að málefnum El Salvador. Því fer fjarri að ástandið hafi batnað á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ógnaröldin er alls ráðandi og ýmsar fylkingar til hægri og vinstri keppast um að myrða andstæðingana en allur almenningur í landinu liður mest, eins og oftast vill verða. Það yrði of langt mál að reyna hér að skilgreina ástandið í El Salvador og benda á líklegustu lausnirnar. Almennar kosningar standa fyrir dyrum en vandséð er að þær geti leyst mikið eins og í pottinn er búið. Ýmsir vinstri flokkar fá ekki að taka þátt í kosningunum eða vilja það ekki, og framboð eða jafnvel aðeins þátttaka í atkvæðagreiðslu getur jafngilt dauðadómi frá einhverjum þeirra fylkinga, sem berjast um völdin. Núverandi ríkisstjórn í landinu er blanda af herforingjastjórn og borgaralegri stjórn, lítills megnug og sjálfri sér sundurþykk. Hún hefur reynt að skipta stórum jarðeignum milli smábænda til að draga úr þjóðfélagsmisréttinu en árangur af því starfi er enn óviss vegna upplausnarástandsins í landinu. Bandaríkjamenn hafa veitt stjórninni hernaðaradstoð til að berjast við skæruliðafylkingu vinstri manna, sem þeir segja studda af ýmsum kommúnistaríkjum og jafnframt veita Bandaríkjamenn stjórninni nokkra efnahagsaðstoð í von um að hún styrki stöðu kristilegra demókrata Duarte í kosningunum og þar með aðstöðu miðjumanna í stjórn málu El Salvador.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tvívegis ályktað um ástandið í El Salvador. Þar hafa aðilar verið vittir fyrir framferði sitt og skorað á þá að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Ísland hefur greitt þessum tillögum atkvæði sitt, en því miður bendir enn ekkert til að friðsamleg lausn sé í sjónmáli. Sumir þeirra hópa, sem berjast við ríkisstjórnina hafa gefið til kynna, að þeir kunni að vera reiðubúnir til samningaviðræðna, en stjórnin er því andvig og visar m.a. til kosninganna, sem fram eiga að fara.

Ástandið í sumum öðrum mið-Ameríkuríkjum, einkum Guatémala, er í sjálfu sér ekki mikið betra en í El Salvador. Mesta ógnunin við frið og stöðugleika í þessum ríkjum er fátækt, félagslegt óréttlæti og alræðisvald fámennisstjórna. Aðeins með auknu jafnræði, aukinni almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu verður hægt að stuðla að lýðræðisþróun og forða því að sterkir öfgahópar steypi þessum ríkjum út í alræðisvald kommúnismans. Þegar svo er komið gefast tækifærin ekki til að skoða hug sinn að nýju og hyggja að því hvort aðrar leiðir væru ekki gæfulegri. Næg eru dæmin til að sanna það. O.O.

menningarmál

**KJARVALSSTAÐIR
RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR
REAM
Yfirlitssýning
20. mars-4. apríl.
1982
107 myndir.
Flest olíumálverk.**

**Ragnheiður Jónsdóttir
Ream**

■ Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur Ream, sem nú hefur orðið 65 ára, ef hún væri á lífi. Er þetta stór sýning, tekur allan Vestursalinn og suðurganginn líka, og þarna er að finna myndir gjörðar á öllum myndlistarferli Ragnheiðar Jónsdóttur Ream. Sumar komnar úr söfnum, aðrar hafa menn tekið ofan heima hjá sér og loks eru myndir fjölskyldunnar, eða hluti þeirra.

Þetta er því stór og mikil sýning og ætti að endurspeglar lífsverkið mæta vel. Það virðist að minnsta kosti þeim er fylgdust með seinustu árin.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream (1917-1977) byrjaði vist fremur seint að mála og hataði teikningu í æsku, ef rétt eru skilin ummæli sem effir henni voru höfð fyrir tveimur áratugum. Ahugi hennar var á tónlistarsviðinu framanaf, sem er í sjálfu sér ekki svo undarlegt því sömu strengir eru í raun og veru í hljóðfærum og myndverkum, ef vel er að gæð, sama gleði og sama sorg.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream



■ Ragnheiður Jónsdóttir Ream, listmálari.

Skáldskapur og landslag

var Reykvikur, dóttir hjónanna Jóns Halldórssonar, söngstjóra, og konu hans Kristjónu Pétursdóttur f. Guðjohnsen.

Jón Halldórsson er rúmlega níraður og fyrir þeim hávaxna manni byrjaði ég að bera virðingu strax sem barn, því hann stjórnaði þá einhverjum besta söng sem var til, Karlaörnum Fóstbræðrum. En á þetta er minnst hér, vegna þess að oft skiptir það máli, hvaðan listamenn koma. Þörf fyrir listsköpun er oftast inngróin, en viðhorf til lista er aftur á móti partur af uppeldi.

Hjörleifur Sigurðsson, listmálari greinir frá helstu atriðum í listastarfi Ragnheiðar í sýningarskrá, en Ragnheiður hóf myndlistarnám 37 ára gömul við The American University í Washington í Bandaríkjunum og var þar við nám til ársins 1959. Þá stundaði hún einnig nám, eða fór í námsför til Ítalíu árið 1958.

Hún sýndi fyrst myndir opinberlega árið 1957, en hélt síðan fjölda einkasýninga bæði hér heima og erlendis, og tók þátt í samsýningum víða. Hlaut hún af þessu frama sem málari og ýmsa viðurkenningu.

Myndirnar

Því er stundum haldið fram að skipta megi portrett myndum málubum, í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru myndir, þar sem aðeins er unnt að greina ákveðna menn á myndinni, ef maður þekkir þá í sjón, og svo er það hinn flokkurinn, sem telur þær myndir, sem eru fyrst og fremst málverk. Vissulega fer þetta saman á stundum. Báðir þessir eiginleikar geta búið saman á lérfötinu, en mér komu

þessi viðhorf, eða skilgreining í hug, er ég gekk um milli mynda Ragnheiðar Jónsdóttur Ream. Hún malar land sitt, er að túlka það, en er samt fyrst og fremst að gjöra málverk. Og því kom mér það ekki á óvart er ég rakst á þessar línur, hafðar eftir henni árið 1962:

„Myndir mínar eru ekki fyllilega abstrakt. Þær eru ævinlega byggðar á náttúrunni. Íslenskt landslag æsku minnar, ómælisviðátta og tær norðanbirta þessi er hvati myndanna. Eg reyni alltaf að ná þessari vidd í verk mín.“

Og frá þessu sjónarhorni séð, þá lítum við ef til vill fremur á landslagsmyndir hennar sem uppskeru í náttúrunni en tilraun til að líkja eftir skaparnas verki, er mótur land sitt með eldgosum, jarðskjálftum, stormi, regni, frosti og stráir svo yfir það grasi og blómum.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream er þó ekki upphafsmaður stílfærslu í landslagsmyndum hér. Forverar hennar eru Jón Stefánsson, Gunnlaugur Scheving og reyndar margir fleiri. Hún færir landið þó í nýjan og frjálsari búning. Hún spilar djarft. Föng hennar eru stór, en megineinkennið er sjóndeildarhringurinn, er gefur áhorfandanum rétta stöðu fyrir sjónflug. Og það er rétt að minna á það hér, að fyrir örfáum árum, einum, eða tveim áratugum, var það einmitt þessi lína, sjóndeildarhringurinn, sem talinn var skipta málverki í abstrakt myndir og ekki abstrakt myndir.

Sumir höfðu sjóndeildarhringinn þá, fannst hann niðurlægjandi í málverkinu.

Það er því dæmið öðruvísi

skilgreina málverk Ragnheiðar Jónsdóttur Ream í listfræðilegum skilningi. Enda eru vangaveltur um það, hvort hún sé abstrakt málari eða ekki, eitt-hvað sem sköðum skiptir. Aðalatriðið er að voru mati það, að hún hefur haft stíl og mikinn skáldskap í öllu sínu málverki. Myndir hennar þekkjast frá öðrum myndum.

Og furðu sterkar eru þær, margar hverjar, og er mér það minnststætt á sýningu fyrir nokkrum árum á Kjarvalsstöðum, þar sem Ragnheiður sýndi ásamt nokkrum öðrum myndlistarmönnum, að ein mynda hennar var tekin ofan nokkru áður en sýningunni laik. Myndin þurfti vist að fara eitthvað annað, hafði verið seld til útlanda, eða út í örðugt hérað á Íslandi.

Eftirtektarvert var þá, hvað sýningin féll við að missa þessa einu mynd.

Nú auðvitað hefði verið unnt að færa til myndir, breyta til og búa til öðruvísi sýningu þarna. Varla stendur sýning og fellur með einu verki, en þetta lýsir þó málverki Ragnheiðar betur en margt annað. Og það sama skeður raunar, þegar hún fellur frá sjálf á göðum aldri: það vantar mynd.

Jónas Guðmundsson.



Jónas Guðmundsson skrifar um teikningu.